

# Þingnes við Elliðavatn

Fornleifarannsókn 2004 - Framvinduskýrsla

Guðmundur Ólafsson



2004:3

© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands

*Forsíðumynd: Nemar í fornleifafræði vinna við uppgröft og uppmælingu á tóft nr. 12. Inngangur á vesturgafli tóftarinnar er fremst á myndinni. (GOL 2004-2-10).*

# Þingnes við Elliðavatn

Fornleifarannsókn 2004

Framvinduskýrsla

Guðmundur Ólafsson

## 1. Inngangur

Nemendarannsókn HÍ og Þjóðminjasafns var haldið áfram á Þingnesi annað árið í röð. Sótt var um uppgrftarleyfi 2004 til fornleifaverndar 19.apríl og var leyfið samþykkt 5. maí. Rannsóknin fór fram dagana 17. - 21. maí. Stjórnandi rannsóknar var Guðmundur Ólafsson, sem kenndi nemum við Háskóla Íslands uppgraftaraðferðir ásamt Orra Vésteinssyni, Howell Roberts og Oscar Aldred. Sigríður Þorgeirsdóttir sýndi síðan fleytingu við höfnina í lok námskeiðs. Rannsóknin er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns og Háskóla Íslands. Rannsóknin er skráð í SARP og hefur þar rannsóknarnúmerið 2004-26.

Tuttugu og þrjár nemar í fornleifafræði sóttu námskeiðið og var þeim skipt niður í fjóra hópa sem skiptust um að fara á milli kennara sem kenndu þeim mismunandi aðferðir. Fimm til sex nemar voru í hverjum hóp.



*Veðurbarinn hópur nema og kennara á vettvangsnámskeiði í fornleifafræði á Þingnesi í maí 2004. (GOL 2004-2-26).*

## 2. Vettvangsrannsókn

Haldið var áfram rannsókn á rústum nr. 9 og nr. 12 sem byrjað var að rannsaka árið 2003.

Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4
Dagný	Berglaug	Hrafnkell	Karlotta
Guðbjörg	Brynhildur	Inga Hlín	Lísa Rut
Jón Ingi	Erna	Ingibjörg	Óskar A
Kristborg	Freyr	Margrét	Óskar S
Sandra Sif	Guðlaug	Sigrún	Rannveig
	Ómar	Þórarinn	Sigrún Lóa

Rannsókn lauk síðdegis 21. maí og var jarðvegsdúkur lagður í sniðið í Tóft 12 og hann hulinn torfi. Uppgriftarsvæði í tóft 9 var einnig þakið með jarðvegsdúk og hulið torfi.


### 2.1 Rúst 9

Oscar Aldred stjórnaði rannsókn á rúst nr. 9. Haldið var áfram rannsókn á sama svæði og opnað var 2003. Grafið var í fleti og var hrun og lausagrjót úr suðvesturhluta tóftarinnar fjarlægð úr tóftinni. Útlínur tóftar eru nú farnar að koma vel í ljós. Virðast innri og ytri veggjabrúnir vera hlaðnar úr grjóti og torf á milli. Aska úr Kötlu ~1500 lá yfir tóftinni og landnámsgjóska er í torfi. Miðaldalagið hefur ekki enn sést í tóftinni. Nokkrir gripir fundust sem við nánari athugun virtust vera ýkja gamlir, s.s. álpappír og járnagli.

#### Skráð jarð- og mannvistarlög:

- 1 Torfur eða torfusneplar?
- 2 Yfirborðsjarðvegur
- 3 Hreyfður jarðvegur, torfusneplar hrun úr veggjum.
- 7 Hrun úr efsta hluta veggjar. Veggur úr torfi og grjóti er undir: endurtúlkað frá túlkun 2003 úr torfvegg í hrun úr hleðslu.
- 8 Fokmold + steinar, hrun inn í rúst. Undir lagi 3.
- 9 Torf- og grjóthrun. undir lagi 8.
- 10 Torf- og grjóthrun. Utan rústar undir lagi 3; sama og lag 7; ógrafið 2004.
- 11 Mannvistarlag. Yfirborð inn í rúst. Undir lagi 9; ógrafið 2004.

Lausleg skýringarteikning af afstöðu laga í rúst nr. 9 sýnir að hún hefur verið hruninn áður en Kötulalagið frá um 1500 féll:





*Horft til suðurs yfir suðausturhluta tóftar 9. Útlínur veggja eru orðnar vel greinilegar. (GOL 2004-2-21).*

## **2.2 Rúst 12**

Guðmundur stjórnaði rannsókn á rúst 12. Þar var grafið og teiknað langsnið í suðvesturhluta tóftarinnar. Grafið var til vesturs frá þversniði sem opnað var 2003.

Teknir voru tveir hnitapunktur á sniðlínunni. Sá vestari var á þrem metrum og hefur hnitin: N504,35/A227,85. Sá austari hefur hnitin: N505,58/A234,74.




*Hluti af langsniði yfir tóft 12. Steinar í sniði og fyrir miðri mynd hafa hrunið úr gaflí. Hvíta stíkan í sniðinu sýnir hvar mannvistaragið er (GOL 2004-2-32).*

Gólfskánin er afar óljós en með samanburði við þversniðið má gera sér grein fyrir því hvar hún er í sniðinu. Um er að ræða um 12 cm þykkt mannvistarlag, sem í sniði er eins og brún mold með lítilsháttar litarbreytingum í mörgum þunnum rákum og einstaka viðarkolaögnum á stangli. Neðarlega var grábrún sótrönd. Botninn á mannvistarlaginu var í 77,17 m.y.s.

Þar sem gaflinn á að vera kom í ljós hrúga af grjóti. Flestir steinarnir virðast vera hrun úr hleðslu. Þeir voru teiknaðir í fleti. Yfirborð sniðs og efsti hluti steina voru einnig teiknuð inn á flatarteikninguna. Þegar grafið var dýpra kom í ljós að á miðjum vesturgafli tóftar var inngangur. Innbrún veggja og inngangs reyndist vera hlaðin úr grjóti. Við suðvesturhorn tóftar 12 var opnað um 1,5 m stórt svæði til þess að fá fram útlínur gaflsins og inngangsins sem þar var. Undir hrundum hleðslum komu útlínur veggjanna í ljós á upphaflegum stað.

Í suðausturluta sniðs var K-1500 á óhreyft um 110 x 30 cm svæði. Gjósulagið endar við gamla skurðinn frá 1986, sem hefur skorið það sundur. Gjóskan er undir hruni úr veggjunum sem sýnir að veggir hrynja ekki fyrr en eftir að gjóska féll.

Í inngangi og inn á milli steina í hleðslum sem hrunið höfðu inn í inngang fundust fleiri viðarkolaagnir sem voru mældar inn og safnað saman og fengu númer F. 12.



Langsnið og flatarteikning af rúst 12. Sniðið liggur yfir vesturgaflinn og þar sjást leifar af torfi og grjóti í hleðslu. Mikið hrun úr veggjum er inni í tóftinni.

#### Lýsing á sniði:

1. Brún mold. grasrótarlág.
2. Brún fokmold, jarðvegsþykkun.
3. Svört gjóska, Katla~1500.
4. Ljósbrún fokmold, jarðvegsþykkun vestan við rúst 12.
5. Ljósbrún fokmold, jarðvegsþykkun innan í rúst 12.
6. Steinn úr gaflhleðslu. Óvist hvort hann er í hleðslu eða úr hruni.
7. Steinar úr hleðslu. Hrun úr innbrún veggjar.
8. Steinar í efri hluta gafls. Innbrún.
9. Steinn í innri veggjarbrún gaflveggjar.
10. Steinn í inngangi eða ytri veggjarbrún gaflveggjar.
11. Mannvistarlag í rúst 12. Brún mold með óljósum þunnum gráum röndum og eistaka viðarkolaögnum.
12. Dökkbrún mold undir steini 6.
13. Landnámsgjóska. undir lagi 12.
14. Dökkbrún mold. Óhreyfð.
15. Ljósbrún mold. Óhreyfð.
16. Rauðbrún gjóska. Forsöguleg.
17. Ljósbrún gjóska.
18. Ljósbrún gjóska. Forsöguleg.
19. Rauðbrún gjóska, forsöguleg. Sama og lag 16.



*Horft til norðurs yfir vesturgafli tóftar 12. Steinarnir marka innri- og ytri veggjarbrún. Inngangur er ofarlega fyrir miðju. (GOL 2004-2-31).*

Vestan og utan við tóftina var grafið niður í óhreyft. Lítið snið sem tekið var þvert fyrir utan innganginn var hreinsað niður að landnámslagi sem þar var óhreyft í jarðvegi. Þar mátti greina óljóst mannvistarlag, um 3,5 cm ofan við landnámslagið.

Hæðapunktur á stórum steini í vatnsborði sem notaður var sem hæðarpunktur frá 1981 var mældur inn og reyndist vera 76,87 m y. s. eins og 1981.

### **2.3 Niðurstöður**

Niðurstöður rannsóknarinnar bæta litlu við það sem áður var vitað og staðfesta fyrst og fremst það sem áður var komið í ljós. Rúst 9 virðist vera frá miðöldum. Hún er með landnámsgjósku í veggjahleðslum og Katla ~1500 liggur yfir henni.

Rúst 12 gæti verið aðeins yngri en upphaflega var ætlað. Rannsókn 2003 benti til þess að hún gæti hafa verið reist skömmu eftir að landnámslagið féll. Hugsanlega um 900. Elstu mannvistarleifarnar fyrir framan innganginn eru um 3,5 cm yfir landnámslaginu. Ef gert er ráð fyrir að meðalþykknun jarðvegs hafi verið um 1 mm á ári má ætla að tóftin hafi verið reist um 35 árum eftir að landnámslagið féll, eða í byrjun 10. aldar.

Engir gripir hafa fundist sem bent geta til notkunar hússins. Þunn mannvistarlæg benda til að notkun hússins hafi verið árstíðabundin en ekki samfelld. Þykkt mannvistarlaga bendir til þess að mannvirkið hafi verið í notkun um alllangt skeið. Það hefur þó verið komi úr notkun löngu áður en Kötlujóskan féll um 1500.

Viðarkolasýni sem tekin voru hafa ekki verið send til aldursgreiningar.



### 3. Fundir:

- F. 1 Viðarkol, líklega efst í gólfi. H. 77,42. Rúst 12.
- F. 2 Viðarkol, líklega í miðju gólfi. H. 77,24. Rúst 12.
- F. 3 Viðarkol, líklega í eða undir vegg. H. 77,30. Rúst 12.
- F. 4 Járngjall í inngangi. H. 77,29. Rúst 12.
- F. 5 Viðarkol í gólfi. H. 77,35. Rúst 12.
- F. 6 Viðarkol í gólfi. H. 77,24. Rúst 12.
- F. 7 Viðarkol í gólfi. H. 77,28. Rúst 12.
- F. 8 Álpappír/blý? Þunn samankrumpuð fóla eða blý. A234,41/N469,45. H. 80, 54. Tóft 9
- F. 9 Járnagli. A235,64/N465,96. H. 80,78. Tóft 9
- F. 10 Viðarkol í inngangi. Rúst 12.
- F. 11 Viðarkol í inngangi. Rúst 12.
- F. 12 Viðarkol í gólfi. Rúst 12.
- F. 13 Brennd bein? í gólfi. Rúst 12.

Fundir voru allir mældir inn með alstöð.



*Howell Roberts sýnir undirstöðuatriði við ljósmyndatöku á fornleifum. (GOL 2004-2-36).*